# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

## Árshlutareikningur

## 1/1 - 30/6 2013

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær
kt. 640479-0279

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Árshlutareikningur

# 1/1 - 30/6 2013

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Tekju- og gjaldareikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-14 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.**

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju og gjaldareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjanesbær, 22. ágúst 2013.

**Deloitte ehf.**

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem afborganir og vextir af lánsfjármögnun falla til.

Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á tímabilinu námu samtals 29 milljónum króna. Tekjuafgangur tímabilsins nam um 6,6 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var um 41,9 milljónir króna.

Stjórn og framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með árshlutareikning sambandsins fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2013 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 22. ágúst 2013

### Í stjórn

Gunnar Þórarinsson
stjórnarformaður

Kristín María Birgisdóttir

Brynja Kristjánsdóttir

Ásgeir Eiríksson

Ólafur Þór Ólafsson

### Framkvæmdastjóri

Berglind Kristinsdóttir

# Tekju- og gjaldareikningur tímabilsins 1/1 - 30/6 2013

| | Skýr. | 1/1 - 30/6 2013 | Áætlun 1/1 - 30/6 2013 | 1/1 - 30/6 2012 |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| Rekstrartekjur | | 158.607.418 | 119.218.996 | 140.089.414 |
| Aðrar tekjur | | 0 | 600.000 | 431.696 |
| Fjármunatekjur verkefna | 4 | 269.666 | 0 | 206.886 |
| | | 158.877.084 | 119.818.996 | 140.727.996 |
| **Gjöld** | | | | |
| Laun og tengd gjöld | 3 | 29.038.754 | 34.524.000 | 31.760.339 |
| Önnur rekstrargjöld | | 64.133.717 | 17.395.008 | 24.871.496 |
| Styrkir | | 24.243.333 | 33.300.000 | 16.195.878 |
| Fjármagnsgjöld verkefna | 5 | 2.028.907 | 0 | 7.699.257 |
| Breyting á útlögðum kostnaði verkefna | | 39.824.043 | 34.599.988 | 61.034.227 |
| | | 159.268.754 | 119.818.996 | 141.561.197 |
| **Rekstrarhagnaður (rekstrartap)** | | (391.670) | 0 | (833.201) |
| Fjármunatekjur | 4 | 7.041.831 | 0 | 6.802.808 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (56.753) | 0 | (395.509) |
| **Tekjuafgangur tímabilsins** | | 6.593.408 | 0 | 5.574.098 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2013

| Eignir | Skýr. | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fjárfestingaverðbréf | 7 | 500.000 | 500.000 |
| Krafa á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna lífeyrisskuldbindinga | 11,13 | 55.097.222 | 51.936.924 |
| | | 55.597.222 | 52.436.924 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Krafa vegna verkefna | 8 | 10.116.402 | 2.988.294 |
| Viðskiptakröfur | 8 | 34.266.124 | 24.483.167 |
| Krafa á tengda aðila | 13 | 144.739.017 | 113.590.993 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8 | 10.908.581 | 2.764.046 |
| Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja | 6 | 33.234.808 | 65.499.889 |
| Handbært fé | 8 | 42.848.594 | 71.820.116 |
| | | 276.113.526 | 281.146.505 |
| **Eignir** | | 331.710.748 | 333.583.429 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2013

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 9 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 41.912.417 | 35.319.009 |
| Eigið fé | | 41.912.417 | 35.319.009 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 1.178.039 | 1.789.178 |
| Lífeyrisskuldbinding | 11 | 106.118.802 | 100.031.979 |
| | | 107.296.841 | 101.821.157 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuld vegna verkefna | 12 | 110.874.331 | 96.187.261 |
| Viðskiptaskuldir | 12 | 35.027.350 | 14.134.472 |
| Skuld við tengda aðila | 13 | 0 | 7.594.397 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 12 | 31.510.651 | 60.360.039 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 12 | 5.089.158 | 18.167.094 |
| | | 182.501.490 | 196.443.263 |
| Skuldir | | 289.798.331 | 298.264.420 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 331.710.748 | 333.583.429 |

# Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1/1 - 30/6 2013

| | Skýr. | 1/1 - 30/6 2013 | 1/1 - 30/6 2012 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tekjuafgangur tímabilsins | | 6.593.408 | 5.574.098 |
| Hækkun (lækkun) á skuldbindingum | | 2.926.525 | 2.463.333 |
| Áunnar vaxtatekjur | 8 | (368.434) | (130.000) |
| Verðbætur langtímalána | | 27.468 | 52.152 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 9.178.967 | 7.959.583 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun | | (24.687.166) | (16.072.167) |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) | | 22.859.200 | 28.116.367 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 7.351.001 | 20.003.783 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna | | (1.381.604) | (2.708.033) |
| Afborganir langtímaverkefna | 6 | 34.600.000 | 47.250.005 |
| Krafa á tengda aðila lækkun (hækkun) | | (31.148.024) | (31.991.568) |
| | | 2.070.372 | 12.550.404 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (30.798.498) | (29.421.191) |
| Skuld við tengda aðila hækkun (lækkun) | | (7.594.397) | (920.310) |
| Hækkun (lækkun) á skammtímaskuldum við lánastofnanir | | 0 | 3.836.075 |
| | | (38.392.895) | (26.505.426) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | (28.971.522) | 6.048.761 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 71.820.116 | 24.134.315 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | 8 | 42.848.594 | 30.183.076 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. október ár hvert.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Gerður er sérstakur rekstrarreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Brunavarnir Suðurnesja. Tekjur og gjöld vegna annarra verkefna á vegum sambandsins eru færð í gegnum rekstrarreikning sambandsins en síðan eru áhrif þeirra færð út undir liðnum "Breyting á útlögðum kostnaði vegna verkefna" og flutt á stöðu verkefna í efnahagsreikningi. Þegar verkefni er að fullu lokið er nettóstaða þess færð í gegnum rekstrarreikning og út úr efnahagsreikningi sambandsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Verðbréf

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 1/1 - 30/6 2013 | 1/1 - 30/6 2012 |
|---|---|---|
| Laun og bifreiðastyrkir | 9.812.857 | 9.629.317 |
| Launatengd gjöld | 5.704.587 | 5.145.767 |
| Annar starfsmannakostnaður | 132.787 | 59.734 |
| Þátttaka annarra í launakostnaði | 0 | (2.349.104) |
| Laun og launatengd gjöld verkefna | 13.388.523 | 19.274.625 |
| | 29.038.754 | 31.760.339 |

## 4. Fjármunatekjur

**Fjármunatekjur verkefna:**

| | 1/1 - 30/6 2013 | 1/1 - 30/6 2012 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur verkefna | 269.666 | 206.886 |
| | 269.666 | 206.886 |

**Fjármunatekjur vegna reksturs:**

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 327.895 | 36.351 |
| Vaxtatekjur fluttar frá öðrum verkefnum | 5.939.572 | 6.473.384 |
| Aðrar vaxtatekjur | 774.364 | 293.073 |
| | 7.041.831 | 6.802.808 |

## 5. Fjármagnsgjöld

**Fjármagnsgjöld verkefna:**

| | 1/1 - 30/6 2013 | 1/1 - 30/6 2012 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld verkefna | 2.028.907 | 7.699.257 |
| | 2.028.907 | 7.699.257 |

**Fjármagnsgjöld vegna reksturs:**

| | | |
|---|---|---|
| Önnur vaxtagjöld | 56.753 | 395.509 |
| | 56.753 | 395.509 |

## 6. Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á fjögurra mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan eru færðar meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum til loka tímabilsins og greinast þannig:

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Staða í byrjun tímabilsins | 65.499.889 | 147.844.780 |
| Greiðslur frá sveitarfélögum | (34.600.000) | (94.500.000) |
| Vextir, verðbætur og annar kostnaður | 2.272.732 | 12.155.109 |
| | 33.172.621 | 65.499.889 |
| Næsta árs afborganir | (33.172.621) | (65.499.889) |
| Fært á meðal fastafjármuna | 0 | 0 |

## 7. Fjárfestingaverðbréf

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 500.000 | 500.000 |
| | 500.000 | 500.000 |
| Staða í byrjun tímabilsins | 500.000 | 500.000 |
| Staða í lok tímabilsins | 500.000 | 500.000 |
| Fært meðal fastafjármuna | 500.000 | 500.000 |
| | 500.000 | 500.000 |

## 8. Aðrar peningalegar eignir

**Krafa vegna verkefna**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Almenningssamgöngur | 7.287.782 | 0 |
| Blái herinn | 250.000 | 0 |
| Heklan - atvinnuþróunarfélag | 0 | 1.789.920 |
| Markaðsstofa Reykjaness | 583.333 | 0 |
| Virkjun mannauðs | 500.000 | 0 |
| Æskulýðsmál | 1.495.287 | 1.198.374 |
| | 10.116.402 | 2.988.294 |

**Viðskiptakröfur**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 36.935.525 | 27.152.568 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (2.669.401) | (2.669.401) |
| | 34.266.124 | 24.483.167 |

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 2,7 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um rúmar 2,6 milljónir króna en um 72 þúsund krónur eru vegna annara krafna. Engin breyting var á niðurfærslu viðskiptakrafna á tímabilinu.

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## 8. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Ríkissjóður | 2.484.470 | 2.144.046 |
| Fyrirframgreidd laun | 8.055.677 | 620.000 |
| Áunnar vaxtatekjur bankareikninga | 368.434 | 0 |
| | 10.908.581 | 2.764.046 |

**Handbært fé**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 42.848.594 | 71.820.116 |
| | 42.848.594 | 71.820.116 |

## 9. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2013 | 35.319.009 |
| Tekjuafgangur tímabilsins | 6.593.408 |
| Eigið fé 30.06.2013 | 41.912.417 |

## 10. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | | Skuldabréf með ábyrgð sveitarf. | |
|---|---|---|---|---|
| | 30.06.2013 | 31.12.2012 | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
| Skuldir í ISK | 2.423.729 | 2.988.128 | 30.264.961 | 59.161.089 |
| | 2.423.729 | 2.988.128 | 30.264.961 | 59.161.089 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.245.690) | (1.198.950) | (30.264.961) | (59.161.089) |
| Langtímaskuldir í lok tímabilsins | 1.178.039 | 1.789.178 | 0 | 0 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | Skuldabréf með ábyrgð sveitarf. |
|---|---|---|
| Afborganir 1/7 2013 - 30/6 2014 | 1.245.690 | 30.264.961 |
| Afborganir 1/7 2014 - 30/6 2015 | 935.435 | 0 |
| Afborganir 1/7 2015 - 30/6 2016 | 242.604 | 0 |
| | 2.423.729 | 30.264.961 |

Þann 1.ágúst 2013 greiddi félagið síðustu greiðslu útgefins skuldabréfs með ábyrgð sveitarfélaga.

## 11. Skuldbindingar

**Lífeyrisskuldbindingar við LSR**

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2012 og uppreiknuð miðað við launavísitölu fyrir opinbera starfsmenn til 30. júní 2013 auk 2,5% ársvaxta.

Eftir skiptingu nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn sambandsins 51 milljón króna (48,1 milljón árið 2012) og fyrir starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 55,1 milljónum króna (51,9 milljónir árið 2012) eða samtals um 106,1 milljón króna (100 milljónir árið 2012).

Hækkun skuldbindingarinnar á tímabilinu janúar - júní 2013 nam kr. 6.086.822 og greinist þannig að kr. 3.160.298 eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og kr. 2.926.525 eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi hjá sambandinu.

**Lífeyrisskuldbindingar við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar**

Hjá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar hvílir skuldbinding vegna launa starfsmanna Brunavarna Suðurnesja og Heilsugæslu Suðurnesja en á kennitölu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Skuldbindingin er ekki færð í reikningsskil sambandsins en áætluð fjárhæð hennar er um 376,8 milljónir króna.

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

**Skuld vegna verkefna**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Almannavarnir | 1.842.672 | 1.412.469 |
| Almenningssamgöngur | 0 | 2.050.123 |
| Heilsugæslusstöð vegna lífeyrisskuldbindinga | 492.281 | 484.739 |
| Heklan - atvinnuþróunarfélag | 976.513 | 0 |
| Landgræðsla | 250.000 | 0 |
| Menningarmál | 46.055.024 | 39.529.477 |
| Náttúrustofa Reykjaness | 1.000.000 | 0 |
| Nefndalaun | 4.087.264 | 4.222.939 |
| Vaxtarsamningur Suðurnesja | 54.098.970 | 46.247.280 |
| Öldrunarnefnd - þjónustuhópur | 2.071.607 | 2.240.234 |
| | 110.874.331 | 96.187.261 |

**Viðskiptaskuldir**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskipaskuldir | 35.027.350 | 14.134.472 |
| | 35.027.350 | 14.134.472 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Áfallnir vextir á skuldir | 386.909 | 747.276 |
| Virðisaukaskattur | 0 | 193.590 |
| Fjármagnstekjuskattur | 210.000 | 210.000 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 4.492.249 | 17.016.228 |
| | 5.089.158 | 18.167.094 |

## 12. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga | 30.264.961 | 59.161.089 |
| Skuldir við lánastofnanir | 1.245.690 | 1.198.950 |
| | 31.510.651 | 60.360.039 |

## 13. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | Kröfur | | Skuldir | |
|---|---|---|---|---|
| | 30.06.2013 | 31.12.2012 | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
| Sorpeyðingarstöð Suðurnesja | 92.872 | 100.521 | 0 | 0 |
| Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja | 17.889.743 | 0 | 0 | 3.617.300 |
| Brunavarnir Suðurnesja | 125.305.721 | 113.490.472 | 0 | 0 |
| Reykjanes jarðvangur ses. | 1.450.681 | 0 | 0 | 3.977.097 |
| | 144.739.017 | 113.590.993 | 0 | 7.594.397 |
| HES vegna lífeyrisskuldbindinga | 55.097.222 | 51.936.924 | | |

## 14. Ábyrgðir og önnur mál

Félagið hefur gert samning um húsaleigu og eru 8 ár eftir af samningstímanum.